

Reykjavík 29. nóvember 2015

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum (munaðarlaus verk) 334. mál.

STEF sendi umsögn um sama mál í maí sl. en frumvarpið er nú lagt fram óbreytt í annað sinn fyrir þingið. Vill STEF vísa til þeirrar umsagnar í stað þess að endurtaka það sem þar var sagt. Umsögnin er meðfylgjandi.

Í framhaldi af fyrirspurnum á þingi vegna þessa máls er snéru að eftirliti með skráningu og leit að munaðarlausum verkum, er vert að minna á að frumvarpið gerir ráð fyrir að búinn verði til opin miðlægur gagnagrunnur sem samhæfingarskrifstofa innri markaðarins (e. The Office for Harmonization in the Internal Market, skammstafað OHIM) heldur utan um samkvæmt reglugerð ESB. Hins vegar á hver og ein stofnun sem nýtir heimildir samkvæmt lögum þessum að skrá notkun sína á munaðarlausum verkum og þær upplýsingar á að senda áfram til þess lögbæra stjórnvalds sem ráðherra felur að annast framkvæmd tilskipunar ESB. Ekki hafa verið gefnar út reglur ráðherra sem mæla fyrir um hvaða stofnun muni fara með vald hins lögbæra stjórnvalds skv. lögnum, en skv. upplýsingum undirritaðrar mun það verða mennta- og menningarmálaráðuneytið sem mun fylgjast með og fara með eftirlit með skráningum íslenskra notenda í kerfið. Hefur ráðuneytið nú þegar sent starfsmenn til OHIM í Alicante á námskeið vegna þessa verkefnis.

Virðingarfyllst

F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkv.stj.